



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds) þsk 893 – 506. mál

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Samtökum iðnaðarins til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 90/2003, um tekjuskatt, 506. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) hafa fjallað um frumvarpið í sínum hópi og lýsa yfir stuðningi við frumvarpið.


Markmið frumvarpsins er að rjúfa kyrrstöðu sem er á byggingamarkaði og örva eftirspurn eftir vinnu iðnaðarmanna og hönnuða og með sömu aðgerðum að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Byggingamenn og starfsfólk í almennri mannvirkjagerð eru sá þjóðfélagshópur sem harðast hefur orðið fyrir barðinu á samdrætti og atvinnuleysi í kjölfar kreppunnar. Starfsfólk úr mannvirkjagreinum er jafnframt fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysisrá.

Frumvarpinu er einungis ætlað að örva og hvetja til framkvæmda við endurbætur og viðhald. Þar með er þáttur nýbygginga undanskilinn. Að áliti SI er full þörf á að grípa til sömu úrræða varðandi nýbyggingar íbúða- og frístundahúsnæðis.

Á vordögum í fyrra voru samþykkt lög sem heimila 100 % endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingastað. Til þess að ná fram sömu áhrifum með þessu frumvarpi sem er til umsagnar, hefði mátt hækka endurgreiðsluhlutfallið í 110 eða 115 % og láta það jafnframt ná til nýframkvæmda við íbúða- og frístundahúsnæði. Þessari hugmynd er hér með komið á framfæri, þar sem frumvarpið sem nú er til umsagnar og lögin um endurgreiðslu af VSK af vinnu frá því í fyrra eru hvorutveggja tímabundnar ráðstafanir. Þegar dregur nær þeim tímamörkum að þær falla úr gildi er hugmynd SI um 110 eða 115% endurgreiðslu vel umhugsunar virði.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Árni Jóhannsson
Forstöðumaður mannvirkjasviðs